

## ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS DALABYGGÐAR

### MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR:	20003	DAGS.:	4. maí 2023
VERKHLUTI:	V001	NR.:	9
HÖFUNDUR:	EBK		
RÝNT AF:	EJ		
DREIFING:	Dalabyggð		

### Staðfesting Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032

Skipulagsstofnun hefur farið yfir samþykkt Aðalskipulag Dalabyggðar 202-2032 fyrir staðfestingu. Stofnunin bendir á nokkur atriði sem bregðast þarf við áður en hún staðfestir aðalskipulagið. Hér er tekið saman yfirlit yfir afgreiðslu skipulagsins og viðbrögð við ábendingum Skipulagsstofnunar.

#### 1 Afgreiðsla aðalskipulagsins

Umhverfis- og skipulagsnefnd fjallaði um aðalskipulagstillöguna á 123. og 124. fundi sínum 17. febrúar og 4. mars 2022 og lagði til að tillagan yrði auglýst að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn samþykkti á 215. fundi sínum þann 10. mars 2022 að auglýsa aðalskipulagstillöguna. Eftir samþykkt sveitarstjórnar ákvarðaði innviðaráðherra um breytingar á fyrra aðalskipulagi vegna vindorkuvera í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Í framhaldinu samþykkti umhverfis- og skipulagsnefnd á 126. fundi sínum þann 27. apríl 2022 að tillaga að Aðalskipulagi Dalabyggðar yrði auglýst að gerðum lagfæringum, með fyrirvara um afgreiðslu sveitarstjórnar um aðalskipulagsbreytingar vegna vindorkuveranna. Á 219. fundi sínum þann 3. maí 2022 samþykkti sveitarstjórn að nýju að tillagan yrði auglýst. Í kjölfarið var aðalskipulagstillagan uppfærð til samræmis við ofangreindar breytingar á fyrra aðalskipulagi vegna vindorkuveranna, sem tóku gildi 13. júlí 2022.

Kjörtímabili sveitarstjórnar lauk áður en aðalskipulagstillagan var auglýst. Í kjölfar kosninga tók við ný umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn en þær fjölluðu ekki um aðalskipulagstillöguna fyrir auglýsingu hennar.

Tillaga að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 var auglýst þann 15. júlí 2022 á grundvelli samþykpta fráfarandi umhverfis- og skipulagsnefndar og sveitarstjórnar. Frestur til að skila inn umsögnum og athugasemdum var til og með 26. ágúst 2022.

Ný umhverfis- og skipulagsnefnd fjallaði um umsagnir og athugasemdir á 131. og 132. fundi sínum 2. og 7. nóv. 2022. Ný sveitarstjórn fjallaði jafnframt um framkomnar umsagnir og athugasemdir og viðbrögð við þeim á 227. fundi sínum þann 9. nóv. 2022. Í kjölfarið var skipulagsgögnunum breytt til samræmis við tillögur umhverfis- og skipulagsnefndar um viðbrögð við athugasemdum sem voru birtar í minnisblaði dags. 29. sept. 2022.

Tveir vinnufundir voru haldnir í desember 2022, þar sem skipulagsgögnin voru rýnd. Einnig var leitað samráðs við Vegagerðina og fleiri aðila eftir auglýsingu. Í kjölfarið voru gerðar minniháttar lagfæringar og leiðréttingar.

Sveitarstjórn fjallaði að nýju um tillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 á 230. fundi sínum þann 12. jan. 2023 og samþykkti framlagða tillögu með þeim lagfæringum sem lýst er í minnisblaði Verkís dags. 10. jan. 2023.



Umhverfis- og skipulagsnefnd fjallaði að nýju um skipulagstillöguna og viðbrögð við umsögnum á 135. fundi sínum þann 1. mars 2023 og lagði að til að sveitarstjórn Dalabyggðar samþykki Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 með lagfæringum og áorðnum breytingum. Sveitarstjórn samþykkti á 232. fundi sínum þann 9. mars 2023 framlagða tillögu að nýju aðalskipulagi Dalabyggðar með þeim lagfæringum sem lýst er í minnisblaði umhverfis- og skipulagsnefndar unnu af Verkís, dags. 7. mars 2023. Sveitarstjórn fól jafnframt sveitarstjóra að senda Skipulagsstofnun aðalskipulagið til staðfestingar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, auk þess að senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu, afgreiðslu og umsögn sveitarstjórnar um athugasemdir og að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar. Auglýsing þess efnis var birt á heimasíðu Dalabyggðar þann 27. mars 2023.

Dalabyggð sendi skipulagsgögnin, ásamt erindi dags. 14. mars 2023, til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Með erindinu fylgdu einnig umsagnir og athugasemdir frá almenningi og umsagnaraðilum og viðbrögð við þeim. Auk þess fékk Skipulagsstofnun afhent skrá yfir vegi í náttúru Íslands, skýrsluna Flokkun landbúnaðarlands og stafræn gögn skipulagsins.

Skipulagsstofnun yfirfór gögnin og benti, í bréfi dags. 25. apríl 2023, á nokkur atriði sem bregðast þarf við áður en stofnunin staðfestir aðalskipulagið.

Í kafla 2 hér að neðan er yfirlit yfir ábendingar Skipulagsstofnunar og viðbrögð við þeim.

## 2 Yfirlit yfir ábendingar Skipulagsstofnunar og viðbrögð við þeim

Eftirfarandi er yfirlit yfir ábendingar Skipulagsstofnunar, dags. 25. apríl 2023, og tillaga að viðbrögðum við þeim. Textabreytingar í greinargerð aðalskipulagsins eru sýndar með *feitum skáletri*. Texti sem fellur út er yfirstrikaður.

Breytingardagsetningu er bætt inn á á forsíðu greinargerðar. Engar breytingar eru gerðar á uppdráttum skipulagsins. Skýrslan *Flokkun landbúnaðarlands* er uppfærð í samræmi við breytingar á greinargerð skipulagsins og breytingardagsetningu er bætt inn á á forsíðu. Engar breytingar eru gerðar á stafrænum gögnum sem skilað hefur verið til Skipulagsstofnunar.

### Landbúnaðarsvæði

#### Ábending Skipulagsstofnunar:

- Fram kemur að við gerð deiliskipulags á landbúnaðarsvæðum verði land flokkað m.t.t. hæfni til ræktunar. Skilningur stofnunarinnar er sá að við flokkunina verði stærra svæði tekið til flokkunar en sjálft skipulagssvæði deiliskipulagsins, t.a.m. allt land viðkomandi jarðar (á láglandi), og niðurstaða flokkunarinnar verði svo lögð til grundvallar ákvörðun um staðsetningu þess sem deiliskipulagið tekur til eins og lóða, byggingarreita, innviða og e.t.v. skógræktar. Sé það ekki réttur skilningur þarf að skýra nánar hvernig flokkun landbúnaðarlandsins við gerð deiliskipulags komi til með að stuðla að vernd góðs landbúnaðarlands sbr. ákvæði 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004 þar sem kveðið er á um að við gerð aðalskipulags í dreifbýli skal land flokkað með tilliti til ræktunarmöguleika.

#### Viðbrögð:

Bætt inn í kafla 11.3 bls. 75:

*Flokkunin skal taka til alls láglandis viðkomandi jarðar, þ.e. undir 200 m h.y.s.*



### Ábending Skipulagsstofnunar:

- Í skipulagsákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði þarf að koma fram að heimilt sé að byggja allt að þrjú frístundahús á hverri jörð sbr. það sem fram kemur í kafla 10. 6 á bls. 69. Mikilvægt er í þessu sambandi að skýrt sé hvað átt er við með jörð þ.e. er átt við lögbýli eða landspildu af ákveðinni stærð.

### Viðbrögð:

Í sértæk ákvæði fyrir landbúnaðarland í kafla 17.13 á bls. 161 er bætt inn:

**Á landbúnaðarsvæðum utan landbúnaðarlands í flokki I er heimilt að reisa allt að þrjú frístundahús á hverju lögbýli.**

Í kafla 11.3 bls. 75 er texta bætt inn í setninguna:

Á landbúnaðarsvæðum utan landbúnaðarlands í flokki I er gert ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á **hverju lögbýli** án þess að breyta aðalskipulagi þessu, ...

Í kafla 10.6 bls. 69 er texta bætt inn í setninguna:

Í aðalskipulagi er einnig gefinn kostur á byggingu frístundahúsa innan landbúnaðarsvæða, en byggja má allt að þrjú frístundahús á **hverju lögbýli**, ...

## Skógrækt

### Ábending Skipulagsstofnunar:

- Fram kemur í greinargerð að skógrækt sé vaxandi atvinnugrein í sveitarfélaginu en í gildi eru skógræktarsamningar á 45 svæðum á um 4.500 ha lands. Eins og að framan greinir verður landbúnaðarland flokkað þegar land er tekið úr landbúnaðarnotum. Þar sem

áform um skógrækt- og landgræðslu kalla ekki á breytingu á aðalskipulagi með skilgreiningu landnotkunar þarf að skýra nánar hvort landbúnaðarland verði flokkað í tengslum við skógræktar- eða landgræðsluáform eða jafnvel við gerð deiliskipulags fyrir skógræktarsvæði. Með hliðsjón af þessu hvetur Skipulagsstofnun sveitarstjórn til að skoða hvort unnt sé að tilgreina viðmið um hámarks umfang skógræktar á landbúnaðarsvæðum án skilgreiningar landnotkunar skógræktar- og landgræðslusvæðis.

### Viðbrögð:

Í kafla 11.3 bls. 75 er texta bætt í setninguna:

Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að framkvæmd verði flokkun landbúnaðarlands við gerð deiliskipulags á landbúnaðarsvæðum, **við áform um skógrækt og landgræðslu** og þegar land er tekið úr landbúnaðarnotum.

Í kafla 11.3 bls. 75 er setningu bætt inn:



Á landbúnaðarsvæðum utan landbúnaðarlands í flokki I er skógrækt heimil, allt að 200 ha, án þess að breyta aðalskipulagi þessu sbr. skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði (kafli 17.13).

Í almenn ákvæði í kafla 17.14 er texta bætt inn í almenn ákvæði:

Skógrækt, **allt að 200 ha**, er heimil á landbúnaðarlandi í flokki II og III, sbr. flokkun landbúnaðarlands sem er að finna í viðauka.

### Ábending Skipulagsstofnunar:

- Gert er ráð fyrir að skógræktaráform undir 10 ha á lögbýlum verði tilkynnt til skipulagsyfirvalda. Þetta ákvæði virðist eiga við um alla skógrækt undir 10 ha þar sem ekki er skilgreint hvort miðað verði við tiltekin neðri mörk sem ekki þarf að tilkynna. Æskilegt er að fram komi af hverju miðað er við 10 ha í þessu sambandi. Með hliðsjón af þessu þarf einnig að skýra nánar hvort skógrækt sem er á stærðarbilinu 10-200 ha sé einnig tilkynningarskyld eða hvaða önnur ákvæði eigi við um umfangsmeiri svæði. Minnt er á að skógrækt sem er 200 ha eða stærri er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021.
- Skýra þarf hvort framangreind tilkynningarskylda á aðeins við um skógrækt á lögbýlum eða hvort þetta eigi einnig við um skógrækt á landspildum og jarðarskikum sem ekki eru lögbýli.

### Viðbrögð:

Viðmiðin fyrir tilkynningarskyldu skógræktar í aðalskipulaginu byggir á því sem sett var fram í skýrslunni *Flokkun landbúnaðarlands* og er í viðauka skipulagsins. Skýrslan var unnin í ársbyrjun 2020 og samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2020. Viðmiðin í þessari skýrslu byggja á viðmiðum í 1. viðauka þágildandi laga um mat á umhverfisáhrifum. Þar var skógrækt allt að 200 ha í C-flokki og yfir 200 ha í B-flokki. Haustið 2021 tóku ný lög gildi og þar breyttust þessi viðmið, þannig að nú er þessi C-flokkur fallinn út og lögin taka aðeins til skógræktarsvæða sem eru 200 ha og stærri. Einnig er skógrækt undir 200 ha er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar ef innan hennar eru verndarsvæði m.a. votlendi og vistgerða sem tilgreindar eru í 61. gr. náttúruverndarlaga - um það gilda viðmið í 2. viðauka laga um umhverfismat.

Öll skógrækt er framkvæmdaleyfisskyld, skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi, en þar segir í 5. gr.:

*„Framkvæmdir sem geta verið háðar framkvæmdaleyfi, sbr. 4. gr., eru meðal annars eftirfarandi: [...] nýræktun skóga, hvort sem um er að ræða nytjaskóg eða útivistarskóg eða skógareyðing, uppgræðsla lands á verndarsvæðum, landfyllingar, endurheimt votlendis, framræsing lands, [...] og framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað, þó ekki þeim hluta slíkra framkvæmda sem háð eru byggingarleyfi skv. 9. gr. laga um mannvirki.*

*Framkvæmdir sem teljast óverulegar eru ekki háðar framkvæmdaleyfi en geta þó verið skipulagsskyldar. Með óverulegri framkvæmd er átt við framkvæmd sem hefur óveruleg áhrif á umhverfið og ásýnd þess. Framkvæmdir sem teljast óverulegar eru til dæmis: trjárækt á frístundahúsalóðum innan frístundabyggðar, óveruleg tilfærsla á veitumannvirkjum og*



*óveruleg frávik á framkvæmdum sem þegar hafa fengið útgefið framkvæmdaleyfi og falla ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.“*

Lagt er til að ofangreint viðmið verði tekið út úr aðalskipulagi og að um þetta gildi ákvæði gildandi laga og reglugerða hverju sinni, þ.e. lög um umhverfismat og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig náttúruverndarlög.

Jafnframt er lagt til að ákvæði um skógrækt gildi um allt land, óháð stærð eða hvort um lögbýli er að ræða. Um skilgreiningu skógræktar verði vísað í skógræktarlög.

Í kafla 17.13 er eftirfarandi breyting gerð á ákvæðum varðandi Landbúnaðarland II og III:

Öll skógrækt innan skógræktarsamninga er leyfisskyld óháð stærð. Skógrækt undir 10 ha á hverju lögbýli er einungis tilkynningarskyld til skipulagsyfirvalda sem leita umsagnar viðeigandi aðila. **Með skógrækt er átt við ræktarsvæði sem er a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og minnst 20 m breitt, þar sem ríkjandi trjágróður nær a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónuþekju, í samræmi við skilgreiningu skógræktarlaga.**

Sambærileg breyting er gerð á skýrslunni *Flokkun landbúnaðarlands*.

## Efnistaka

### Ábending Skipulagsstofnunar:

- Skýra þarf nánar hvort efnistaka til eigin nota sé tilkynningarskyld til sveitarstjórnar sbr. það sem fram kemur í almennum ákvæðum á bls. 139.

### Viðbrögð:

Í kafla 17.7 er eftirfarandi breyting gerð á texta í almennum ákvæði:

~~Efnistöku~~ **Efnistöku til eigin nota, yfir 1.000 m<sup>3</sup>**, skal tilkynna til Dalabyggðar sem leiðbeinir um framkvæmd hennar.

### Ábending Skipulagsstofnunar:

- Samræma þarf stefnu um heimildir til efnistöku til eigin nota á bls. 92 og í almennum ákvæðum á bls. 139.
- Á bls. 90 er kveðið á um að efnistaka til eigin nota skuli fara fram utan verndarsvæða skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Þetta ætti einnig að koma fram í almennum ákvæðum í kafla 17.7 á bls. 139.

### Viðbrögð:

Í kafla 11.9 er eftirfarandi breyting gerð á texta ákvæðis:



Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil án leyfis efnistaka á eignarlandinu til eigin nota á allt að 0,5 ha svæði og allt 5.000 m<sup>3</sup> af efni, **en efnistöku yfir 1.000 m<sup>3</sup> skal tilkynnt til Dalabyggðar.**

Í kafla 17.7 er eftirfarandi breyting gerð á texta í almennu ákvæði:

Landeiganda er heimil efnistaka til eigin nota, allt að **5.000 m<sup>3</sup>**, án framkvæmdaleyfis, **nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.**

## Frístundabyggð

### Ábending Skipulagsstofnunar:

- Almennur texti á bls. 69 um æskilega staðsetningu frístundabyggðar ætti einnig að koma fram í almennum ákvæðum fyrir frístundabyggð á bls. 146.

### Viðbrögð:

Í kafla 17.8 er eftirfarandi texta er bætt inn í almenn ákvæði:

**Æskilegt er að staðsetja frístundabyggð á lítt grónum svæðum eða svæðum sem þegar hefur verið raskað með öðrum mannvirkjum og/eða skógrækt.**

### Ábending Skipulagsstofnunar:

- Samræma þarf texta á bls. 69 varðandi varúð vegna lífríkis, jarðvegs, jarðmyndana og fornleifa og byggð verði beint frá slíkum svæðum í deiliskipulagi við það sem fram kemur í almennum ákvæðum á bls. 146.

### Viðbrögð:

Í almenn ákvæði í kafla 17.8 er eftirfarandi breyting gerð:

Útlit frístundahúsa **Skipulag frístundabyggðar** skal taka mið af umhverfinu, þ.e. landslagi og byggingararfi, þannig að sérstaða svæðisins skerðist ekki. Er þar átt við stærðarhlutföll, form og efnis- og litanotkun, sem og staðsetningu.

Í kafla 10.6 er eftirfarandi breyting gerð á texta og nýrri setningu bætt aftan við:

Staðinn verði vörður um lífríki, jarðveg, merkar jarðmyndanir, og fornleifar **og gott ræktarland** og skal í deiliskipulagi beina byggð frá slíkum svæðum. **Forðast skal að skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum.**



## Almennar ábendingar

### Ábending Skipulagsstofnunar:

- Víða í skipulagsákvæðum er kveðið á um að svigrúm sé til endurbóta eða viðbóta. Ennfremur er kveðið á um svigrúm til lagningar nýrra jarðstrengja í tengslum við vindorkuver eða lagningar háspennulína í jörð. Skipulagsstofnun minnir á að þessar og aðrar sambærilegar breytingar geta kallað á á breytingu á aðalskipulaginu.

### Viðbrögð:

Engin viðbrögð

### Ábending Skipulagsstofnunar:

- Svæði á náttúruminjaskrá (ÖN) eiga heima á þemaupprætti sbr. gr. 4.5.3 í skipulagsreglugerð.

### Viðbrögð:

Svæði á náttúruminjaskrá var sýnt á þemaupprættinum en ekki tilgreint sem „Önnur náttúruvernd“.

Skýringum á þemaupprætti (mynd 5-2) er breytt þannig að ofan við skýringuna „svæði á náttúruminjaskrá“ er liðnum „Önnur náttúruvernd“ bætt við.

### Ábending Skipulagsstofnunar:

- Skipulagsgögn eru dagsett 5. júlí 2022. Nauðsynlegt er að setja breytingardagsetningu á gögnin þar sem gerðar hafa verið ýmsar breytingar og lagfæringar á þeim frá því fyrir auglýsingu.

### Viðbrögð:

Breytingardagsetningu er bætt inn á forsíðu greinargerðar og á alla skipulagsupprætti. Miðað er við samþykkt sveitarstjórnar á 232. fundi þann 9. mars 2023.

**Breytt 9. mars 2023 skv. samþykkt sveitarstjórnar**